

- 3.3. Framangreind lendingar- og stæðisgjöld skulu breytast í samræmi við gengisbreytingar krónunnar, þannig að gjöldin hækki eða lækki í hlutfalli við slíkar breytingar.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, til þess að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir flugvöllinn frá 18. nóvember 1970.

*Utánrikisráðuneytið, 21. desember 1972*

**Einar Ágústsson.**

*Páll Ásg. Tryggvason.*

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu reglugerðar um umferðargjald.

Frá og með 1. janúar 1973 fellur úr gildi reglugerð um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut, nr. 80 23. marz 1966, með breytingu nr. 100 16. maí 1968.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 22. desember 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

### um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 31. desember 1972 og innheimta á árinu 1973 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

*Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1972.*

F. h. r.

**Jón Sigurðsson.**

*Kristján Thorlacius.*